

**Ed.**

## **6. Tillaga til þingsályktunar**

um notkun þjóðfánans.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að safna heimildum frá þeim þjóðum, sem eru skyldastar Íslendingum og lengi hafa notið fullkomins sjálfstæðis, um löggjöf og venjur þessara landa um rétta notkun þjóðfánans, og leggja síðan fyrir næsta Alþingi niðurstöður þessara rannsókna í frumvarpsformi, hversu skuli fara með þjóðfána Íslendinga.

### **Greinargerð.**

Íslendingar höfðu hvorki fána eða merki fyrir en snemma á einokunartím-  
anum, þegar stjórn Dana ákvað, að fluttur þorskur skyldi vera merki landsins. Við þetta sat þar til komið var fram yfir síðustu aldamót. Þetta merki varð að vonum aldrei hugstætt íslenzku þjóðinni. Kvæði Hannesar Hafsteins um flatta þorskinn á alþingishúsinu sýnir, hversu þjóðræknir menn fundu til gagnvart þessu einkenni, sem Íslendingum hafði verið valið af stjórn Danmerkur.

Það varð einn liður í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar að losa Íslendinga undan þorskerkinu og þjóðfána Danmerkur. Varð sú niðurstaðan, að Íslendingar fengu fyrst fálkann sem löggilt merki og síðar landvættirnar. Rétt fyrir aldamótin 1900 lagði Einar Benediktsson til, að þjóðfáni Íslands yrði hvítur kross í bláum feldi. Þessi fánagerð var samþykkt af stúdentafélaginu í Reykjavík og ungmennafélög-  
um landsins. Fékk þessi fáni miklar vinsældir, bæði af því, að gerðin var einföld og fögur, litir hans í samræmi við íslenzka náttúru og hann var sameiningartákn þeirra manna í landinu, sem sóttu fastast fram í sjálfstæðismáli þjóðarinnar.

Að lokum fór þó svo, að þessari gerð var breytt af konungi Danmerkur og rauður kross settur innst inn í bláhvíta fánann. Með sambandslögunum 1918 fékk Ísland leyfi til að nota þennan fána sem tákn hins nýja ríkis. En tæplega var hægt að segja, að mikil hrifning væri í landinu út af litum hans og gerð. Hinn löggilti fáni var orðinn til við málamiðlun og undir aðhaldi frá erlendu valdi.

Íslendinga skorti að vonum reynslu til að eiga fána og nota hann eingöngu á virðulegan hátt. Danski fáninn naut aldrei fegurðar sinnar, þegar hann blakti yfir Íslandi, af því að hann var tákn annarlegs þjóðernis. Og nýi fáninn var settur með þeim hætti, að hann skapaði ekki eldmóð eða hrifningu.

Þannig liggja ýms rök að því, að hinn löggilti fáni Íslands hefir ekki ætíð átt að fagna þeirri meðferð, sem þjóðfáni lands á heimtingu á. Mjög oft má sjá hér á landi íslenzka fánann rifinn og bætta. Menn flagga í tíma og ótíma, oft undir þeim kringumstæðum, sem ekki auka hróður fánans. Stundum hangir fáninn á stöng alla nóttina, af því enginn hefir munað eftir að draga hann niður áður en kvöldaði. Eitt sinn gat að lita í miðjum höfuðstaðnum tægjur af þjóðfánanum hangandi á stöng vikum saman bæði dag og nótt. Slik meðferð á hinu sameiginlega tákni þjóðarinnar á að varða við lög og er talin mjög vitaverð í löndum, þar sem menn elska og virða þjóðfánann.

Með því að safna í eina heild löggjöf og reglum um rétta notkun þjóðfánans í hinum helztu menningarlöndum má undirbúa löggjöf, sem tryggir það, að þjóðfáni Íslands njóti í framtíðinni þess réttar, sem fáninn á að hafa í hugum borg-  
aranna í frjálsu landi.